



SÍMENNTUNARMIÐSTÖÐIN
Á VESTURLANDI

ÁRSSKÝRSLA 2018

www.simenntun.is



EFNISYFIRLIT

Pistill formanns stjórnar	4
Stjórn Símenntunarmiðstöðvarinnar	5
Starfsfólk	6
Verktakar	7
Starfsstöðvar	7
Viðurkenning fræðsluaðila	7
Starfsemi Símenntunarmiðstöðvarinnar í tölum	8
Rekstur	
Tölfræðiupplýsingar úr starfi Símenntunarmiðstöðvarinnar	
Formlegir samstarfsaðilar	14
Mennta- og menningarmálaráðuneytið	
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins – Fræðslusjóður	
Fræðslumiðstöð atvinnulífsins	
Fræðslusjóður	
Nýsköpunar- og þróunarverkefni á vegum Fræðslusjóðs	
Raunfærnimat	19
Náms- og starfsráðgjöf	22
Náms- og starfsráðgjöf – tölfræði	
Fjölmennt	26
Samstarfsverkefni	29
Innlend	
Vinnumálastofnun – atvinnuleitendur	
Endurmenntun atvinnubílstjóra	
Rauði kross Íslands, Borgarfjarðardeild	
Erlend	
Fræðslustjóri að láni	
Yfirlit yfir fjarpróf	33
Héðan og þaðan	34
Kvasir	
Leikn	
European Association for the Education of Adults	
Starfsendurhæfing Vesturlands	
Viltu fræðast meira um framhaldsfræðsluna?	38
Að lokum	39

PISTILL FORMANNS STJÓRNAR

Það er undir okkur sjálfum komið að setja mark okkar á eigið líf. Við berum sjálf ábyrgð á eigin velferð og hamingju og okkar eigin þroski hefur mikil áhrif á örlög okkar.

Að ákveðnu marki má segja að frá unga aldri sé okkur afhent óskrifuð bók, nokkurs konar dagbók, sem við svo skrifum í, ævina á enda. Bók þessi hefur í raun ótakmarkaðan blaðsíðufjölda, því sú saga sem verður til með okkar lífsbók hefur, eftir okkar dag, áhrif á þær kynslóðir sem á eftir koma. Blaðsíðurnar verða misáhugaverðar, misflóknar og misgleðilegar. Það er margt sem hefur áhrif á skrif okkar, við verðum fyrir áhrifum frá þeim sem ala okkur upp, umhverfinu sem fóstrar okkur og samferðafólki okkar, svo eitthvað sé nefnt.



Hér á landi búum við flest við það öryggi að fá að ganga í skóla þar sem við lærum eitthvað nýtt, sem um leið veitir okkur nýja færni til að takast á við ný verkefni. Í formlega skólakerfinu eru fyrirfram gefin markmið og því er stefnan hjá mörgum nokkuð ákveðin fram eftir aldri. Náin er þó ekki eingöngu einskorðað við skólastofnanir og skyldunám. Í mínum huga varir nám alla ævi og tvinnast inn í allt okkar líf. Náin felur nefnilega í sér almennar breytingar á þekkingu, færni og leikni. Með því að vera virk í því að skrifa nýja og nýja blaðsíðu í lífsbók okkar erum við stöðugt að læra og um leið að menntast.

Gott er að staldra reglulega við og ígrunda það sem nú þegar er komið í bókina góðu. Erum við ennþá á þeirri leið sem við kjósum að fara? Hafa ytri aðstæður breyst hjá okkur? Hefur það sem nú þegar er komið í bókina reynst okkur vel?

Eitt af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna er að tryggja öllum jafnan aðgang að góðri menntun og tækifæri til náms alla ævi. Þar er m.a. sett fram það markmið að árið 2030 hafi kynjamismunurinn í menntakerfum heimsins verið afnuminn og jafn aðgangur að námi á öllum stigum tryggður. Einnig er sett fram það markmið að allir nemendur öðlist nauðsynlega þekkingu og færni til þess að ýta undir sjálfbæra þróun, meðal annars með menntun sem er ætlað að efla sjálfbæra þróun og sjálfbæran lífsstíl, með því að hlúa að friðsamlegri menningu, með mannréttindum, kynjajafnrétti, alheimsvitund, viðurkenndri menningarlegri fjölbreytni og framlagi menningar til sjálfbærrar þróunar. Allt eru þetta atriði sem við erum hér á landi svo lánsöm að búa að mestu við nú þegar, atriði sem við skrifum inn, jafnt og þétt í okkar eigin lífsbók.

Því miður búa ekki allir íbúar jarðarinnar við þetta sama öryggi og hvað verður á næstu árum er ekki einfalt að segja til um. Hinn ungi og efnilegi aðgerðasinni Greta Thunberg hefur síðustu mánuði mætt fyrir utan sænska þinghúsið í hverri viku til að vekja athygli á aðgerðarleysi í loftslagsmálum og um leið hefur hún krafist úrbóta. Hún spyr okkur einnig þeirrar krefjandi spurningar hvers vegna hún eigi að sitja í skóla alla daga og læra þegar hún hafi enga vissu um að hún komi til með að geta nýtt sér menntun sína þegar hún verður eldri, þar sem við mannfólkið höldum áfram í sjálfseyðileggingu alla daga og göngum grimmt á afurðir jarðarinnar. Greta Thunberg setur fram stórar spurningar. Það er nefnilega ekki nóg að setja sér það markmið að allir hafi aðgang að jafnri menntun, við verðum líka að fylgja eftir markmiðum sem snúa að sjálfbærni og umhverfisvernd, þannig að þær kynslóðir sem koma fá að nýta sína ævimenntun og skrifa sínar lífsbækur. Náin er ævilangt ferli og eins og ég nefndi hér í upphafi er það okkar eigin þroski sem skapar okkar örlög og hefur ómæld áhrif á komandi kynslóðir.

Guðrún Lárusdóttir

Endurmenntunarstjóri LbhÍ og

formaður stjórnar Símenntunarmiðstöðvarinnar á Vesturlandi

STJÓRN SÍMENNTUNARMIÐSTÖÐVARINNAR

Samkvæmt skipulagsskrá skal skipa sex aðalmenn í stjórn og sex til vara. Skipun stjórnar er til tveggja ára og verður ný stjórn kosin á aðalfundi 2019.

Stofnun/samtök	Aðalfulltrúi	Varafulltrúi
Fjölbrautaskóli Vesturlands	Ágústa Elín Ingþórsdóttir	Dröfn Viðarsdóttir
Fyrirtæki/stofnanir	Guðjón Brjánsson	Rósa Guðmundsdóttir
Háskólinn á Bifröst	Hulda Ingibjörg Rafnarsdóttir	Ragnheiður Ásta Birgisdóttir
Landbúnaðarháskóli Íslands	Guðrún Lárusdóttir	Guðriður Helgadóttir
Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi	Ingveldur Guðmundsdóttir	Hrefna B. Jónsdóttir
Stéttarfélagin	Signý Jóhannesdóttir	Inga Birna Tryggvadóttir

Formaður stjórnar er Guðrún Lárusdóttir, fulltrúi Landbúnaðarháskóla Íslands.

Á árinu 2018 voru haldnir fjórir stjórnarfundir. Aðalfundurinn var haldinn sameiginlega með stofnunum í stoðkerfinu á Vesturlandi - Starfsendurhæfingu Vesturlands, Markaðsstofu Vesturlands, Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi og Sorpurðun Vesturlands.

Með þessu fyrirkomulagi hefur skapast góður vettvangur til að kynna starfsemi Símenntunarmiðstöðvarinnar, m.a. fyrir sveitarstjórnarfólki á Vesturlandi.

Aðalfundurinn var haldinn 19. mars.



Úr starfsemi Símenntunarmiðstöðvarinnar.

STARFSFÓLK

Hjá Símenntunarmiðstöðinni störfuðu samanlagt sjö starfsmenn í 4,53 stöðugildum á árinu 2018:

Brynja Mjöll Ólafsdóttir verkefnastjóri, 50% starfshlutfall
Guðrún Vala Elísdóttir náms- og starfsráðgjafi og verkefnastjóri, 100% starfshlutfall
Hafdís Fjóra Ásgeirsdóttir verkefnastjóri, 100% starfshlutfall
Hörður Baldvinsson verkefnastjóri, 50% starfshlutfall
Inga Dóra Halldórsdóttir framkvæmdastjóri, 100% starfshlutfall
Svava Björg Svavarsdóttir skrifstofustjóri, 50% starfshlutfall
Sunna Rós Þorsteinsdóttir almenn störf, 20% starfshlutfall

Svava Björg Svavardóttir lét af störfum á haustmánuðum 2018, en hún hóf störf hjá Símenntunarmiðstöðinni árið 2004.

Hörður Baldvinsson lét af störfum á haustmánuðum, en hann hóf störf hjá Símenntunarmiðstöðinni árið 2015.

OLIMPIA MARIA PRZEKLASA

Mikilvægt að læra íslenskuna

Olimpia Maria Przeklasa hefur undanfarin ár starfað í fiskvinnslu hjá Guðmundi Runólfssyni hf. í Grundarfirði. Hún er fædd og uppalin í Póllandi en flutti til Ólafsvíkur árið 2010. „Síðan ég kom til landsins árið 2010 hef ég starfað hjá Guðmundi Runólfssyni í Grundarfirði og mér líkar það vel,“ segir Olimpia.

Hún var á námskeiðinu Íslensk menning og samfélag, sem Símenntunarmiðstöð Vesturlands efndi til undir lok árs 2018. „Það námskeið var í senn áhugavert og hagnýtt. Sérstaklega fannst mér íslenskukennslan vera vel heppnuð. Við vorum á öðru þrepi í íslensku hjá Rut Ragnarsdóttur og andrúmsloftið var þægilegt. Það voru hæfilega margir þátttakendur og Rut tókst að hafa kennsluna á einfaldri íslensku sem við gátum skilið,“ segir Olimpia. Áður segist hún hafa tekið fyrsta þreps námskeið í íslensku og íslenskunámskeiðið í Íslenski menningu og samfélagi hafi því verið rökrétt framhald. Í ljósi þess að margir Pólverjar búa í Grundarfirði og á öðrum stöðum á Snæfellsnesi segir Olimpia að dagleg samskipti hennar fari að miklu leyti fram á pólsku og hún geti líka gripið til ensunnar ef hún



þurfi. Hins vegar vonist hún til þess að geta tekið frekari námskeið í íslensku til þess að auka færni sína í tungumálinu. Slíkt sé nauðsynlegt því eins og er hafi hún engin önnur áform en að búa áfram í Grundarfirði.

Olimpia hefur aflað sér mikillar þekkingar og reynslu í fiskvinnslu í þau ár sem hún hefur starfað hér og úr varð að hún fór í raunfærnimat í fisktækni fyrir tveimur árum þar sem hún fékk reynslu sína metna. Hún segir raunfærnimatið hafa í senn verið sér ánægjulegt og mikilvægt fyrir sig og hún er þakklát fyrir að hafa átt þess kost að fara í það.

Við þökkum Svövu og Herði fyrir vel unnin störf hjá Símenntunarmiðstöð Vesturlands og óskum þeim velfarnaðar á nýjum starfsvettvangi.

Staða verkefnastjóra á starfsstöð Símenntunarmiðstöðvarinnar í Borgarnesi var auglýst á haustmánuðum og var Hagvangi falið að hafa umsjón með ráðningarferlinu. Fimmtán umsóknir bárust um starfið og var Eva Karen Þórðardóttir ráðin og kemur til starfa í byrjun árs 2019.

VERKTAKAR

Auk fastráðinna starfsmanna störfuðu um 70 verktakar hjá Símenntunarmiðstöðinni á árinu, við kennslu og önnur verkefni. Stór hluti af starfsemi Símenntunarmiðstöðvarinnar byggist á vinnu verktaka verktaka, bæði kenna þeir á námskeiðum og í lengra námi og eins vinna þeir sem matsaðilar í raunfærnimati sem og í verkefnastjórnun og í þróunarverkefnum.

STARFSSTÖÐVAR

Símenntunarmiðstöðin rekur þrjár starfsstöðvar á Vesturlandi - á Akranesi, í Borgarnesi og Ólafsvík.

Húsnæði	Staður	Heimili	Leigusali
Skrifstofur og kennslustofur	Borgarnes	Bjarnarbraut 8	Fasteignir ríkisins
Skrifstofur og kennslustofur	Akranes	Suðurgata 57	Akraneskaupstaður
Skrifstofu- og kennsluaðstaða	Ólafsvík	Kirkjutún 2	Áttthagastofa Snæfellsbæjar

Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur gefið út starfsleyfi fyrir allar starfsstöðvarnar.



VIÐURKENNING FRÆÐSLUAÐILA



Símenntunarmiðstöðin hlaut endurnýjaða viðurkenningu fræðsluaðila á árinu 2018. Viðurkenningin byggist á lögum um framhaldsfræðslu nr. 27/2010, en Menntamálastofnun gefur hana út. Þessi viðurkenning staðfestir að starfsemi Símenntunarmiðstöðvarinnar uppfyllir almenn skilyrði laganna og reglugerða þeim tengdum.

Viðurkenningin er veitt til þriggja ára og gildir því til loka árs 2021.

STARFSEMI SÍMENNTUNAR- MIÐSTÖÐVARINNAR Í TÖLUM

Rekstur








Tölfræði

Á árinu 2018 voru 946 þátttakendur á námskeiðum hjá okkur og í lengra námi. Þátttaka er örlítið meiri árið 2018 en árið áður. Í tölfræðinni vegur þungt þátttaka á námskeiðum sem er hluti af endurmenntun fyrir atvinnubílstjóra, en Símenntunarmiðstöðin bauð upp á þau námskeið samkvæmt leyfi frá Samgöngustofu. Kennslustundirnar voru alls 3.517 og nemendastundirnar voru 39.511 sem er mjög svipað og árið áður. Nemendastundir samanstanda af fjölda nemenda margfaldaðar með kennslustundafjöld á hverju námskeiði fyrir sig.


Árið 2018 var kynjaskiptingin á námskeiðunum á þá leið að karlar voru í miklum meirihluta, þ.e. þeir voru 64% þátttakenda en konur voru 36%. Þetta hefur ekki gerst áður, en konur hafa alltaf verið í miklum meirihluta. Meðalaldur þátttakenda í náminu hjá okkur var 42 ár.




Heildarfjöldi kennslustunda 2015-2018




Heildarfjöldi nemendastunda 2015-2018




Hlutfall þátttakenda eftir svæðum 2018



Hlutfall kennslustunda eftir svæðum



Hlutfall nemendastunda eftir svæðum



Síðustu misseri höfum við dregið verulega úr framboði á tómstundanámskeiðum, en beint kröftum okkar meira að því að þjónusta atvinnulífið. Það hefur gefist vel og við ætlum að halda áfram á þeirri braut.

Við finnum fyrir aukinni þörf fyrirtækja og stofnana á því að gera þarfagreiningar á fræðsluþörf á meðal starfsmanna og með því móti gera sí- og endurmenntun þeirra markvissari.

Við búum einnig að því að kerfið, eins og það hefur byggst upp í framhaldsfræðslunni, er tiltölulega sveigjanlegt og þess vegna auðveldara að bregðast hratt við eftirspurn atvinnulífsins um fræðslu fyrir starfsfólk. Það sýndi sig m.a. vel þegar að sjómannaverkfallið skall á í byrjun árs 2017 og eins í hruninu svokallaða.

Við bjóðum upp á fjölbreyttar námsleiðir, sérsníðum stutt og hnitmiðuð námskeið, bjóðum upp á náms- og starfsráðgjöf, raunfærnimat, Fræðslustjóra að láni, nám fyrir fólk með fötlun, íslenskunámskeið, áhugasviðspróf svo eitthvað sé nefnt.

Allt er þetta til boða fyrir þá sem vilja styrkja stöðu sína á vinnumarkaði og kannski ekki síður sem almenn sjálfsefling.

Úr starfsemi Símenntunarmiðstöðvarinnar



FORMLEGIR SAMSTARFSADILAR

Símenntunarmiðstöðin er með þjónustusamninga við mennta- og menningarmálaráðuneytið, Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og Fjölmennt - símenntunar- og þekkingarmiðstöð.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið

Símenntunarmiðstöðin er með þjónustusamning við mennta- og menningarmálaráðuneytið um ráðstöfun rekstrarframlags í fjárlögum. Samningurinn gildir frá 1. janúar 2015 til 31. desember 2018. Megininntakið í samningnum er að vinna að markmiðum framhaldsfræðslulaga nr. 27/2010 og bjóða upp á fjarnáms- og kennsluaðstöðu og þjónustu við nemendur á framhalds- og háskólastigi á þéttbýlisstöðum á Vesturlandi eftir því sem þörf er á og fjárhagur leyfir.

Símenntunarmiðstöðin fær rekstrarframlag á fjárlögum og er upphæðin háð ákvörðun Alþingis hverju sinni.

Samningurinn er birtur í heild sinni á vef Símenntunarmiðstöðvarinnar www.simenntun.is.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar þann 28. maí 2015 um aðgerðir til að greiða fyrir gerð kjarasamninga á almennum vinnumarkaði segir m.a. í sjötta lið:

„Framhaldsfræðsla og starfsmenntun.“ Tryggt verður fjármagn til að fylgja eftir sameiginlegum áherslum menntayfirvalda og aðila vinnumarkaðarins sem lúta að því að tryggja starfsemi símenntunarmiðstöðva og námstækifæri fyrir nemendur yfir 25 ára aldri, bætt skilyrði til starfsnáms með reglulegum og auknum framlögum til vinnustaðanáámssjóðs og til að hefja vinnu við að skilgreina fagháskólastig og hvernig það gæti tengst bæði framhalds- og háskólakerfinu. Aukin framlög á fjárlögum vegna þessara áherslna munu nema 200 m.kr. á ári hverju.“¹

Hér má sjá hvernig fjármagninu var skipt til símenntunarmiðstöðvanna 2016-2018:

Símenntunarmiðstöðvar	2016	2017	2018
Austurbrú	4.500.000	4.800.000	4.700.000
Farskólinn-Norðurl. vestra	2.400.000	2.800.000	2.900.000
Framvegis í Reykjavík	4.200.000	5.100.000	5.500.000
Fræðslunet Suðurlands	6.500.000	7.700.000	7.600.000
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	4.800.000	5.000.000	4.900.000
Mímir í Reykjavík	31.400.000	34.200.000	34.200.000
MSS - Suðurnes	16.200.000	17.600.000	17.700.000
SÍMEY	15.200.000	16.300.000	16.200.000
Símenntunarmiðst. Vesturl.	4.800.000	5.700.000	5.600.000

¹ <https://www.forsaetisraduneyti.is/frettir/adgerdir-rikisstjornarinnar-til-ad-greida-fyrir-gerd-kjarasamninga-a-almennum-vinumarkadi#rad>

Góð reynsla af sérhæfðum fiskvinnslunámskeiðum og raunfærnimati

Símenntunarmiðstöð Vesturlands hefur unnið náið með Fisktækniskóla Íslands um annars vegar sérhæfð fiskvinnslunámskeið og hins vegar raunfærnimat í fiskvinnslu. Ásdís Vilborg Pálsdóttir, verkefnastjóri hjá Fisktækniskólanum, segir ótvírætt að árangurinn af bæði fiskvinnslunámskeiðunum og raunfærnimatinu hafi skilað miklum ávinningi og hún væntir áframhaldandi samstarfs á þessu sviði.



„Símenntunarmiðstöðvar um allt land hafa boðið upp á námskeið sem kallað er Sérhæfur fiskvinnslumaður og Fisktækniskólinn hefur komið að þeim með því að kenna sérhæfða hlutann, sem lýtur beint að fiskinum, gæði og meðferð afla, umhverfismálum og ýmislegt fleira. Við förum líka í gegnum sögu fiskveiða Íslendinga, sem er sérstaklega gagnlegt fyrir þá erlendu starfsmenn sem vinna hér í fiskvinnslu og þekkja mögulega lítið til sögu fiskveiða og -vinnslu hér á landi. Við upplifum að nauðsynlegt er að halda þessi námskeið reglulega, bæði kemur nýtt fólk til starfa í fiskvinnslunni og einnig er gott fyrir þá sem hafa unnið lengur og hafa mögulega tekið námskeiðin áður að sitja þau aftur og skerpa á því sem áður hafði verið farið í. Þar má til dæmis nefna að vegna þess að við flytjum svo stóran hluta af sjávarafurðum ferskan á erlenda markaði er aldrei of oft farið í gildi rétttrar meðhöndlunar á vörunni. Á starfssvæði Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands höfum við komið að námskeiðahaldi fyrir fiskvinnslufólk á Snæfellsnesi – í Ólafsvík, Grundarfirði, á Rífi og Hellissandi og einnig á Akranesi,“ segir Ásdís.

Ótvíræður ávinningur af raunfærnimati

Raunfærnimat í fiskvinnslu er annað verkefni sem Fisktækniskóli Íslands hefur unnið að með Símenntunarmiðstöð Vesturlands. Í því felst að raunfærni fólks sem hefur starfað lengi í fiskvinnslu er metin og þannig getur það stytt sér leið til náms í fisktækni, hafi það áhuga á því. Til þess að eiga

þess kost að fara í raunfærnimat í fisktækni þarf viðkomandi að vera að lágmarki 23 ára gamall og hafa starfað í fiskvinnslu þrjú ár.



„Á sérhæfðu fiskvinnslunámskeiðunum nefnum við þann möguleika að fólk geti, ef það kys svo, farið áfram í raunfærnimat til þess að styttja sér leiðina í fisktækninámi. Á síðasta ári unnum við ásamt Símenntunarmiðstöð Vesturlands að raunfærnimati í fisktækni í Grundarfirði, Ólafsvík, á Rífi og Hellissandi. Verkefnið tókst mjög vel og sýndi vel hversu mikil þekking er í fiskvinnslu á þessu svæði. Fiskvinnslan er alltaf að verða tæknivæddari og því er mikilvægt að byggja stöðugt ofan á þá þekkingu sem fyrir er. Það hefur verið byggt ofan á raunfærnimat á öðrum stöðum á landinu með fisktækninámi og von okkar er sú að það sama verði mögulegt á utanverðu Snæfellsnesi í framhaldi af raunfærnimatinu á síðasta ári. Helmingur af fullgildu fisktækninámi er verknám og þeir starfsmenn sem hafa lokið raunfærnimati fá starfsreynslu sína metna sem helming til fullgilds fisktæknináms. Hafi þeir síðan til viðbótar lokið sérhæfðum fiskvinnslunámskeiðum eru þeir komnir vel á veg með fisktækninámið. Raunfærnimatið verður oft til þess að fólk áttar sig á því að það kann meira en það heldur og hefur aflað sér dýrmætrar þekkingar sem nýtist því til frekara náms,“ segir Ásdís V. Pálsdóttir.

Pekkingarnet Pingeyinga	2.400.000	2.600.000	2.700.000
Viska - Vestmannaeyjum	2.600.000	3.200.000	3.000.000
Samtals	95.000.000	105.000.000	105.000.000

Við útteilingu fjármuna var ekki stuðst við neitt reiknilíkan, heldur hefur þetta aukaframlag tekið mið af því hversu mikið fjármagn símenntunarmiðstöðvarnar hafa fengið úthlutað og nýtt úr Fræðslusjóði. Dreifbýlli svæðin hafa komið langverst út úr þessari úthlutun. Fulltrúar símenntunarmiðstöðva á dreifbýlli svæðum hafa gert athugasemdir við þessa aðferðafræði við fulltrúa mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Í þessu samhengi má einnig geta þess að við úthlutun Fræðslusjóðs gilda sömu reglur um lágmarksfjölda þátttakenda í vottaðar námsleiðir, alveg sama hvort um er að ræða höfuðborgarsvæðið eða fámenn byggðarlög utan höfuðborgarsvæðisins. Að lágmarki þarf 10 þátttakendur til að mega fara af stað með vottaða námsleið.

Hér má sjá myndrænt hvernig skipting viðbótarfjármagnsins var varið 2018:



Fræðslumiðstöð atvinnulífsins – fræðslusjóður

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er einkahlutafélag í eigu Alþýðusambands Íslands, Samtaka atvinnulífsins, BSRB, fjármála- og efnahagsráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Fræðslumiðstöðin er með þjónustusamning við mennta- og menningarmálaráðuneytið annars vegar og símenntunarmiðstöðvarnar hins vegar.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins annast umsýslu með Fræðslusjóði og fjárreiðum hans, sbr. 10 gr. laga nr. 27/2010 um framhaldsfræðslu.

Þann 14. desember 2015 var undirritaður samningur milli mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins um vinnu við verkefni á sviði framhaldsfræðslu sem gildir frá 1. janúar til ársloka 2021.

Þjónustusamninga við mennta- og menningarmálaráðuneytið og yfirlýsingar má nálgast á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins www.frae.is.

Þjónustusamninga við mennta- og menningarmálaráðuneytið og yfirlýsingar má nálgast á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins www.frae.is.

Fræðslusjóður

Fræðslusjóður var settur á laggirnar við setningu framhaldsfræðslulaga, en hlutverk hans er m.a. að stuðla að því að til séu viðeigandi námstækifæri fyrir einstaklinga með stutta formlega skólagöngu að baki, sem og að skapa skilyrði fyrir því að einstaklingar geti nýtt sér slík námstækifæri.

Fræðslusjóður ráðstafar þeim framlögum sem Alþingi ákveður í fjárlögum hverju sinni. Úthlutanir Fræðslusjóðs greinast í meginatriðum í þrennt samkvæmt úthlutunarreglum sem ráðherra staðfestir:

- a.** framlög til fræðsluaðila til að mæta kostnaði við kennslu og námskeiðahald
- b.** framlög til að mæta kostnaði við raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf
- c.** styrkveitingar til nýsköpunar- og þróunarverkefna í framhaldsfræðslu.

Símenntunarmiðstöðin sótti um fjármagn til sjóðsins í ýmsar vottaðar námsleiðir samkvæmt námskrám FA, í náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat.

Úthlutun Fræðslusjóðs til Símenntunarmiðstöðvarinnar 2017 skiptist svona:

Umsóknir Símenntunar	Sótt um	Úthlutað
Vottaðar námsleiðir	24.500.000	24.500.000
Náms- og starfsráðgjöf	6.500.000	6.500.000
Raunfærnimat	7.407.000	7.375.125

Sótt var um viðbótarúthlutun í raunfærnimat og náms- og starfsráðgjöf í september 2018. Aðsóknin í raunfærnimat var mun meiri en áætlað var, en mikil aðsókn var m.a. í raunfærnimat í fisktækni, auk þess sem mikill áhugi var á raunfærnimati í svokölluðum þjónustugreinum, þ.e. félagsliða, stuðningsfulltrúa og leikskólaliða.

Síðustu ár hefur Fræðslusjóður boðið upp á viðbótarúthlutun fjár.

Úthlutun Fræðslusjóðs í viðbótarúthlutun haustið 2017:

Umsóknir Símenntunar	Sótt um	Úthlutað
Náms- og starfsráðgjöf	2.500.000	2.500.000
Raunfærnimat	7.030.800	7.030.800

Upplýsingar um úthlutanir Fræðslusjóðs til allra símenntunarmiðstöðva má nálgast hér: <http://frae.is/fraedslusjodur/gogn/>

Nýsköpunar- og þróunarverkefni á vegum Fræðslusjóðs

Hlutverk Fræðslusjóðs er að veita styrki til skilgreindra nýsköpunar- og þróunarverkefna á sviði framhaldsfræðslu. Sérstök úthlutunarnefnd er á vegum Fræðslusjóðs sem metur umsóknir og ákveður fjárhæð til úthlutunar á hverju ári.

Auglýst er eftir umsóknum í mars ár hvert.

Símenntunarmiðstöðin sótti ekki um styrk árið 2018.

Hér má nálgast upplýsingar um úthlutanir til nýsköpunar- og þróunarverkefna árin 2015-2018: <http://frae.is/fraedslusjodur/nyskopunar-og-throunarverkefni/>

RAUNFÆRNIMAT

Raunfærnimat er viðurkennt matsferli sem gerir einstaklingum úr ýmsum greinum atvinnulífsins kleift að fá reynslu, færni og þekkingu sem þeir hafa öðlast í starfi metið til eininga. Það getur stytt nám og auðveldað fólki að hefja nám í sinni grein og öðlast starfsréttindi að námi loknu. Til að komast í raunfærnimat þarf viðkomandi að hafa náð 23 ára lífaldri og 3 ára starfsaldri.

Raunfærnimat í fisktækni

Raunfærnimat í fisktækni var haldið í samstarfi við Fisktækniskóla Íslands. Tilgangurinn er m.a. að fólk geti sýnt fram á reynslu og færni sína í starfi, lagt er mat á hvernig einstaklingurinn getur styrkt sig í námi og starfi og m.a. stytt sér nám í framhaldinu. Þess eru mörg dæmi að einstaklingar sem hafa farið í raunfærnimat í fisktækni hafa haldið áfram námi í Fisktækniskóla Íslands, m.a. í fisktækni, gæðastjórnun og Marel vinnslutækni. Í raunfærnimatinu var metið á móti fisktæknibraut.

Alls luku 32 einstaklingar raunfærnimati í fisktækni og starfa þeir flestir í fiskvinnslum á Snæfellsnesi. Karlar voru 13 og konur 19 talsins. Meðalaldurinn var 39 ár.

Að meðaltali voru metnar rétt rúmlega 80 einingar á einstakling í verkefninu, en fisktæknibrautin er alls 120 einingar.

Matsaðilar voru Ásdís Pálsdóttir og Klemenž Sæmundsson.

Raunfærnimat í stuðningsfulltrúa, leikskólaliða og félagsliða

Mikill áhugi var á raunfærnimati í félagsliða, stuðningsfulltrúa og leikaskólaliða. Símennt-unarmiðstöðin tók þátt í verkefni um hækkun menntunarstigs í Norðvesturkjördæmi sem var unnið 2014-2016. Á meðan á verkefninu stóð fóru 33 einstaklingar í gegnum þetta raunfærnimat sem varð til þess að enn meiri eftirspurn skapaðist í kjölfar verkefnisins og byrjuðu 18 manns í þessu raunfærnimati seinni part árs 2017 og hluti þeirra kláraði það fyrri part árs 2018.

Raunfærnimat í skipstjórn

Símenntunarmiðstöðin er einnig í samstarfi við aðrar símenntunarmiðstöðvar um raunfærnimat, allt eftir því hvað er í boði hverju sinni. Sem dæmi fóru 3 einstaklingar á Vesturlandi í raunfærnimat í skipstjórn, en Viska í Vestmannaeyjum hefur sérhæft sig í því raunfærnimati.

Námskeið um framkvæmd raunfærnimats

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins heldur námskeið um raunfærnimat fyrir fagaðila, náms- og starfsráðgjafa og verkefnastjóra og aðra sem koma að raunfærnimatsverkefnum.

Yfirlit um vottaðar námsleiðir árið 2018:

		Fj. þáttt.	Fj. kest.	Fj. nemst.	Fj. kvk	Fj. kk
Akranes	Kvikmyndasmiðja	12	120	1.440	9	3
Akranes	Stökkpallur	8	270	2.160	5	3
Akranes	Stóriðjuskóli - grunnnám	15	400	6.000	1	14
Akranes	Stóriðjuskóli - framhaldsnám	17	500	8.500	2	15
Grundarfjörður	Íslensk menning og samfélag	15	270	4.050	14	1
Grundarfjörður	Íslensk menning og samfélag	16	270	4.320	16	0
Borgarnes	Skref til sjálfshjálpar	5	60	300	4	1
	Samtals	88	1.890	26.770	51	37

G.RUN er sjávarútvegsfyrirtæki í Grundarfirði sem sérhæfir sig í vinnslu á bolfiski. Eigendur fyrirtækisins réðust í stórfamkvæmd á árinu, en byggð var hátæknifiskvinnsla. Á meðan að unnið var að því að standsetja nýja fiskvinnslu sl. haust þá var tíminn nýttur vel. Símenntunarmiðstöðin og G.Run fóru í samstarf um að kenna starfsfólki fyrirtækisins íslensku, upplýsingatækni, samfélagsfræði o.fl. Þessi kennsla byggðist á námsleiðinni „Íslensk menning og samfélag“ sem er vottuð námsleið og gefin út af Fræðslumiðstöð atvinnulífsins.

Það voru 30 erlendir starfsmenn fyrirtækisins sem tóku þátt og kennt var í tveimur hópur í fjórar vikur. Þetta tækifæri var líka nýtt til að fara með hópana í tvær vettvangsferðir um Snæfellsnes.

Í lokin var lagt fram námskeiðsmat þar sem mikil ánægja kom fram hjá þátttakendum með fyrirkomulag og efnistöð og mikill áhugi á að læra meira.

Stóriðjuskóli Norðurláls er gott dæmi um að markviss símenntun í fyrirtækjum skilar árangri. Sú staðreynd að svo margir af útskrifuðum nemendum hafa haldið áfram í námi staðfestir að Stóriðjuskólinn er ákveðinn stökkpallur til þess að taka frekari námsskref.

Vottuðum námleiðum fer fjölgandi og er unnið að endurskoðun margra þeirra út frá hæfnigreiningu starfa. Vottaðar námsleiðir skiptast annars vegar í almennar námskrár og hins vegar starfstengdar námskrár. Nánari upplýsingar um vottaðar námsleiðir má finna á vef Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins www.frae.is/namskrar

BJÖRG ÁGÚSTSDÓTTIR

Mikilvægt að miðla upplýsingum til fólks með erlent ríkisfang

Síðla árs 2018 stóð Símenntunarmiðstöð Vesturlands fyrir námskeiðinu Íslensk menning og samfélag fyrir starfsfólk útgerðar- og fiskvinnslufyrirtækisins Guðmundar Runólfssonar hf. í Grundarfirði. Námið byggir á námskrá frá Fræðslumiðstöð atvinnulífsins og er tilgangur þess að auðvelda fólki af erlendum uppruna aðlögun að íslenskum vinnumarkaði og samfélagi. Samkvæmt námskránni er lögð áhersla á íslenskt mál, menningu, samfélag og atvinnulíf auk þess að byggja upp sjálfstraust og samskiptafærni fólks. Björg Ágústsdóttir, bæjarstjóri í Grundarfirði, var fengin til þess að ræða við þátttakendur á námskeiðinu um ýmislegt er lýtur að starfsemi sveitarfélagsins og almennt um hið daglega líf í Grundarfirði. Hún segir það hafa í senn verið ánægjulegt og gagnlegt.



„Ég ræddi um stjórnkerfi og þjónustu sveitarfélagsins og jafnframt um stjórnsýsluna í landinu, t.d. annars vegar hvert væri hlutverk sveitarfélaga og hins vegar ríkisins. Það fer töluvert eftir því hversu lengi fólk hefur dvalið hér á landi hversu mikið það veit um ýmislegt er lýtur að samfélagsgerðinni. Auk þess að miðla upplýsingum til fólksins á námskeiðinu, sem allt er með erlent ríkisfang, fékk ég gagnlegar upplýsingar frá fólkinu um það sem helst brennur á því. Þetta samtal var mikilvægt og lærdómsríkt og gaf mér innsýn í ýmislegt er varðar fólk með erlent ríkisfang sem ég þarf að vita sem bæjarstjóri,“ segir Björg.

Samkvæmt nýjustu tölum eru um 18% íbúa Grundarfjarðarbæjar með erlent ríkisfang. Margir þeirra hafa búið lengi hér á landi og eru með tvöfalt ríkisfang. Árið 2006 voru um 6% íbúa með erlent ríkisfang en núna er þetta hlutfall sem sagt komið upp í um 18% bæjarbúa. Björg segir augljóst að fólk með erlent ríkisfang skipti gríðarlega miklu máli fyrir samfélagið. Það sé því allra hagur að fólkinu sé auðveldað að verða virkir þátttakendur í samfélaginu og það beinlínis hvatt til þátttöku í daglegu lífi og viðburðum í bænum. Ennfremur sé lykilatriði að fólk sé vel upplýst um réttindi sín og skyldur.

Björg segir að íslenskan sé mörgum útlendingum erfiður þröskuldur og fyrir marga sé það líka

ákveðin hindrun að eiga ekki eða hafa ekki aðgang að bíl. „Í þessu sambandi get ég nefnt að vegna þess að Arion banki var með útibú hér í Grundarfirði fóru flestallir nýbúar hér í viðskipti þar. En svo var útibúinu lokað og nú er hér einungis hraðbanki en næsta útibú Arion banka er í Stykkishólmi. Þetta gerir því fólki sem ekki hefur aðgang að bíl erfið fyrir. Sama gildir um þá þjónustu sem fólk þarf að sækja til embættis sýslumanns í Stykkishólmi. Til þess þarf að komast til Stykkishólms á dagvinnutíma, þegar fólk er bundið í vinnu hér í Grundarfirði,“ segir Björg.

Bróðurpartur þess starfsfólks sem sat námskeiðið Íslensk menning og samfélag er frá Póllandi og naut Björg liðsinnis pólskumælandi túlks til þess að miðla upplýsingum til þeirra og fá upplýsingar frá þeim. „Á þessu námskeiði opnuðust augu mín fyrir ýmsu sem við gætum gert til þess að bæta aðgengi þessa hóps að þeirri þjónustu sem sveitarfélagið býður upp á. Ég get nefnt í þessu sambandi að nú er unnið að því að setja upp nýjan vef Grundarfjarðarbæjar og það liggur ljóst fyrir að við munum setja þar inn upplýsingar á pólsku. Í því skyni munum við njóta liðsinnis þriggja pólskra kvenna hér í bænum sem gáfu sig einmitt fram á námskeiðinu til að gera tillögu um hvaða nauðsynlegar upplýsingar, að þeirra mati, verða settar á vefinn á þeirra móðurmáli,“ segir Björg Ágústsdóttir.

NÁMS OG STARFSRÁÐGJÖF

Markmiðið með náms- og starfsráðgjöf er að veita upplýsingar um nám og störf, meta námsþarfir, veita stuðning í raunfærnismati, aðstoða og ráðleggja við ferilskrá og starfsleit auk persónulegar handleiðslu, eftirfylgni o.fl. Náms- og starfsráðgjöf er hlutlaus ráðgjöf og eru ráðþegar fullorðnir einstaklingar sem tilheyra markhópi skv. lagalegri skilgreiningu í framhaldsfræðslulögum nr. 27/2010.

Ráðgjöfin fer fram á starfsstöðvum Símenntunarmiðstöðvarinnar og er leitast við að ráðþegar fái þjónustu í sinni heimabyggð. Ráðgjöf getur einnig farið fram í fyrirtækjum og í tengslum við námskeið, en í tengslum við þau bjóðast nemendum viðtöl við náms- og starfsráðgjafa. Samstarf við fyrirtæki og stofnanir er talsvert; stundum er ráðgjöfin viðbót, hvatning eða stuðningur við einstaklinga á námskeiðum sem haldin eru fyrir fyrirtæki. Fyrir ráðgjöfina sem og aðra starfsemi á vegum fræðsluaðila er mikilvægt að atvinnurekendur sjái sér hag í því að vera í samstarfi við Símenntunarmiðstöðina.

Aðrir samstarfsaðilar á Vesturlandi eru Vinnumálastofnun, VIRK, stéttarfélög, Starfsendurhæfing, deildir Rauða krossins, endurmenntunardeildir háskólanna og framhaldsskólarnir.


Náms- og starfsráðgjafi hefur umsjón með rafrænni skráningu á viðtölum og annast, eftir atvikum, aðrar skráningar, s.s. niðurstöður raunfærnimats. Undir verksviðið fellur líka að viðhalda faglegu starfi, uppfylla skilyrði FA og fræðslusjóðs, auk þess að sinna samstarfi milli stofnana hvað varðar ráðgjöf og endurmenntun.

Margir innflytjendur tilheyra markhópnum og getur náms- og starfsráðgjöf reynst þeim gagnleg við ýmislegt, s.s. atvinnuleit, upplýsingaöflun um störf og símenntun, mat á færni, reynslu og menntun og sem hvatning til starfsþróunar í nýju landi. Sérstaklega er hugað að því að kortleggja fyrri menntun, reynslu og færni og athugað hvort innflytjendur geti fengið starfsréttindi yfirfærð hingað frá sínu heimalandi. Þá fá þeir eftir atvikum aðstoð við gerð ferilskráa og umsóknir um störf.


Kjarninn í náms- og starfsráðgjöf eru ráðþegarnir, án þeirra væri engin ráðgjöf. Mikilvægt er að átta sig á fjölbreytileika þeirra, nálgast þá á einstaklingsmiðaðan hátt og vera meðvitaður um menningarmun, ásamt því að hafa heildræna yfirsýn yfir markmið, möguleika, tækifæri og árangur hvers og eins. Ráðþegar eru almennt ólíkir einstaklingar og óska gjarnan eftir ráðgjöf þegar þeir sjá fram á einhverjar breytingar í lífi sínu. Slíkar breytingar þurfa ekki að vera veigamiklar en geta nýst til góðs. Fjölmörg dæmi eru um að ráðgjöfin leiði af sér t.d. raunfærnimat, starfsþróun, raunfærnimat, nýtt upphaf skólagöngu, breytingar í atvinnumálum o.fl.

Rafræn ráðgjöf í gegnum síma eða tölvu er einnig í boði sem og „hvatningarviðtöl“ sem aðrir starfsmenn Símenntunarmiðstöðvarinnar veita. Hægt er að panta viðtal hjá náms- og starfsráðgjafa í gegnum vef Símenntunar eða senda fyrirspurn.


Skipting viðtala eftir kyni




Aldursskipting ráðþega




Staða ráðþega á vinnumarkaði



Menntunarstaða ráðþega



Þjóðerni



KYN	
Símenntunarmiðstöð Vesturlands	496
Karl	205
Kona	291
Samtals	496

ALDURSBIL	
Símenntunarmiðstöð Vesturlands	496
20-29 ára	94
30-39 ára	162
40-49 ára	125
50-59 ára	81
60 eldri	34
Samtals	496

STAÐA Á VINNUMARKAÐI	
Símenntunarmiðstöð Vesturlands	496
Atvinnuleitandi	69
Hlutastarf og hlutabætur	3
Í námi	6
Í starfi	383
Starfsendurhæfing	13
Öryrki	14
Annað	8
Samtals	496

SKÓLASTIG	
Símenntunarmiðstöð Vesturlands	496
Framhaldsskóli (hóf nám en lauk ekki)	288
Grunnskóli	113
Háskólapróf	6
Iðnmenntun	9
Starfsmenntun - minna en tvö ár	41
Starfsmenntun - tvö ár eða meira	21
Stúdentspróf	18
Samtals	496

ÞJÓÐERNI - 24 lönd	
Símenntunarmiðstöð Vesturlands	496
Búlgaría (BG)	1
Brasilía (BR)	1
Kúba (CU)	3
Tékkland (CZ)	2
Eistland (EE)	1
Finnland (FI)	1
Indónesía (ID)	2
Íran (IR)	1
Ísland (IS)	305
Ítalía (IT)	4
Litháen (LT)	10
Mongolía (MN)	1
Mexíkó (MX)	1
Filippseyjar (PH)	5
Pakistan (PK)	1
Pólland (PL)	147
Portúgal (PT)	1
Rúmenía (RO)	1
Svíþjóð (SE)	1
Slóvakía (SK)	1
El Salvador (SV)	2
Togo (TG)	1
Úkraína (UA)	2
Bandaríkin (US)	1
Samtals	496

FJÖLMENNT

Símenntunarmiðstöð Vesturlands er með þjónustusamning við Fjölmennt – símenntunar- og þekkingarmiðstöð um sí- og endurmenntun fyrir fólk með fötlun, 20 ára og eldra. Í samningnum er tekið fram að Símenntunarmiðstöðin eigi að bjóða upp á fjölbreytt námstækifæri fyrir fólk með fötlun á Vesturlandi.

Mjög góð samvinna var við þá aðila sem standa að málefnum fólks með fötlun á svæðinu sem er forsenda þess að vel takist til.

Á næstu misserum þarf enn frekara samtal að eiga sér stað milli Símentunarmiðstöðvarinnar og sveitarfélaganna á svæðinu til að marka heildstæða endurmenntunarstefnu varðandi símenntun þessa hóps. Ljóst er að bæta þarf í það fjármagn sem Símenntunarmiðstöðin fær á hverju ári til að geta boðið upp á fleiri námskeið og enn metnaðarfullra framboð.

Námskeið á árinu 2018 voru með sama sniði og árið 2017. Boðið var upp á námskeið á fjórum stöðum; á Akranesi, í Borgarnesi, í Stykkishólmi og á Fellsenda í Dölum. Samtals voru skráningar 114 á þau 19 námskeið sem voru í haldin á árinu. Á sumum námskeiðum voru fleiri en einn hópur og tvö einstaklingsnámskeið voru í gangi. Kenndar voru 471 kennslustundir og nemendastundirnar voru 1.813. Nánari sundurliðun má sjá í meðfylgjandi töflu á næstu síðu:

Verulegs ósamræmis gætir í úthlutun Fjölmenntar til símenntunarmiðstöðvanna. Stjórn Símenntunarmiðstöðvarinnar hefur gert athugasemdir við stjórn Fjölmenntar, fyrst árið 2012 og aftur árið 2017. Í svarbréfi stjórnar Fjölmenntar til stjórnar Símenntunarmiðstöðvarinnar dags. 27.11.2017 segir orðrétt: „Þjónustusamningur Fjölmenntar við menntamálaráðuneyti rennur út nú um áramótin og hafin er vinna við nýjan samning. Eitt af þeim atriðum sem tekið verður fyrir í nýjum samningi eru greiðslur til símenntunarstöðva og skipting fjármagns þeirra á milli. Í núverandi samningi eru engin ákvæði um hversu háum fjárhæðum skuli varið til stöðvanna eða hvernig skipting þeirra á milli eigi að vera. Það er von okkar að í nýjum samningi verði skýrt kveðið á um hvernig þessu skuli háttað og ákvarðanir byggðar á faglegum grunni. Stefnt er að því að samningurinn verði tilbúinn fyrir áramót og þá ætti niðurstaða að liggja fyrir.“

Síðan þetta var ritað hefur ekkert gerst og sömu krónutölu verið úthlutað til símenntunarmiðstöðvanna.

F j ö l d i

STAÐUR	NÁMSKEIÐ	Páttak- endur	Kennslu- stundir	a-stundir	Konur	Karlar	Meðal- aldur
Akranes	Kallaspjall	7	12	84	0	7	42
Akranes	Kallaspjall	8	12	96	0	8	43
Akranes	Leiklist I	6	22	132	2	4	36
Akranes	Leiklist II	4	33	132	2	2	24
Akranes	Nútíma matargerð	3	12	36	2	1	24
Akranes	Snyrting	2	12	24	1	1	30
Akranes	Saumaklúbbur	4	15	60	4	0	33
Akranes	Boðið til veislu x 4 hópar	9	60	135	6	3	27
Akranes	Tækjaleikfimi x 2 hópar	5	30	75	4	1	24
Akranes	Ökunám – bóklegt	4	27	108	4	0	31
	Samtals	52	235	882	25	27	31,4
Borgarnes	Jóga	6	11	66	1	5	41
Borgarnes	Tækjaleikfimi	3	13	39	1	2	51
	Samtals	9	24	105	2	7	46
Stykkishólmur	Boðið til veislu x 2 hópar	8	30	120	4	4	32
Stykkishólmur	Allt í bland	9	34	306	4	5	28
Stykkishólmur	Bökum heima x 7 hópar	7	84	84	3	4	32
Stykkishólmur	Framkoma og ræðumennska	5	15	75	2	3	32
Stykkishólmur	Skyndihjálpi	7	11	77	3	4	32
	Samtals	36	174	662	16	20	31,2
Fellsendi	Tónlist og sköpun	10	14	140	3	7	71
Fellsendi	Snyrting fyrir konur x7	7	24	24	7	0	64
	Samtals	17	38	164	10	7	67,5
	Heildartölur	114	471	1.813	53	61	37

Hér má sjá úthlutun Fjölmenntar til símenntunarmiðstöðva utan höfuðborgarsvæðisins 2017-2019:

Símenntunarmiðstöð	2017	2018	2019
Austurbrú	4.000.000	4.000.000	4.000.000
Farskólinn á Norðurlandi vestra	2.000.000	2.000.000	2.000.000
Fræðslumiðstöð Vestfjarða	3.000.000	3.000.000	3.000.000
Fræðslunet Suðurlands	15.500.000	15.500.000	15.500.000
Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum	4.500.000	4.500.000	4.500.000
Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi	4.500.000	4.500.000	4.500.000
Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar	16.700.000	16.700.000	16.700.000
Viska í Vestmannaeyjum	1.500.000	1.500.000	1.500.000
Pekkingarnet Pingeyinga	1.700.000	1.700.000	1.700.000

ÞÓRÐUR MÁR GYLFASON

Að vinna með fötluðu fólki er gefandi og skemmtilegt

Þórður Már Gylfason hefur boðið upp á matreiðslunámskeið fyrir fatlaða. Hann býr á Akranesi og hefur fyrst og fremst verið með námskeið sín þar í tengslum við rekstur veitingafyrirtækisins Sansa veitingar ehf sem hann stofnaði árið 2017 á Akranesi.

Þórður Már hefur bæði verið með hefðbundin matreiðslunámskeið fyrir fatlaða og einnig hefur hann boðið upp á námskeið í bakstri. Til þess að þátttakendur fái betur notið sín hefur hann verið með 2-3 í einu á hverju námskeiði. Fyrir jólin 2017 var Þórður Már með sautján manns á námskeiði og í það heila hefur hann kennt um tuttugu manns á námskeiðum síðasta hálfa annað árið. „Þetta hefur verið virkilega gefandi og skemmtilegt. Ég set saman uppskriftirnar sem ég legg fyrir á námskeiðunum og útskýri þær á myndrænan hátt til þess að auðvelda fólki að fara eftir þeim. Það er auðvitað mismunandi hvað þátttakendur fá út úr námskeiðunum, sumir læra að tileinka sér uppskriftirnar og nota þær í kjölfarið en fyrir aðra eru námskeiðin fyrst og fremst samvera og skemmtileg afþreying,“ segir Þórður Már. Hann segir mörg dæmi um að fatlaðir sem hafa verið á námskeiðum hjá honum hafi lagt honum lið við t.d. að þjóna í veislum sem hann tekur að sér. „Það hefur gengið mjög vel og gefið fólkinu mikið,“ segir Þórður. Vegna vinnu sem hann er farinn að sækja til Reykjavíkur, hann starfar sem matreiðslumaður í mötuneyti Háskóla Íslands,



segist hann ekki hafa tök á því að bjóða áfram upp á námskeið fyrir fatlaða á Akranesi en eftir sem áður hyggist hann gefa fötluðum kost á því að vinna í kringum veislur sem hann taki að sér.

Þórður Már segist fyrst hafa kynnst því að vinna með fötluðum í Reykjavík. „Í kjölfarið fór ég að hugsa hvernig ég gæti nýtt reynslu mína úr matreiðslunni í vinnu með fötluðum. Þannig urðu þessi námskeið til,“ segir Þórður sem hefur starfað sem kokkur í fjórtán ár.

Ástæða þess að Fræðslunet Suðurlands og SÍMEY fá mun hærra framlag en aðrir byggist á því að starfsstöðvar Fjölmennar voru lagðar niður á þessum stöðum árið 2012 og gerður samningur við símenntunarmiðstöðvarnar. Þjónustusamningurinn við þessar miðstöðvar eru, þrátt fyrir þetta, í engu frábrugðnir þjónustusamningum við hinar miðstöðvarnar á landsbyggðinni.

Nánari upplýsingar um starfsemi Fjölmennar – símenntunar- og þekkingarmiðstöðvar er að finna á www.fjolmennt.is

SAMSTARFSVERKEFNI – INNLEND OG ERLEND

Innland verkefni

Vinnumálastofnun – atvinnuleitendur

Símenntunarmiðstöð Vesturlands hefur verið í mjög góðu samstarfi við Vinnumálastofnun á Vesturlandi undanfarin ár eða allt frá efnahagshruni. Á árinu 2018 voru íslenskunámskeið fyrir útlendinga á Akranesi og í Ólafsvík og starfsferilskrárnámskeið á Akranesi, í Borgarnesi og Ólafsvík.

Allir sem fara á íslenskunámskeið fara fyrst í stöðumat í íslensku, sem er nauðsynlegt til þess að gera kennsluna markvissari. Auk þessa þurfa allir þátttekendur á íslenskunámskeiðunum að gera ferilskrár í lok námskeiðs sem síðan eru vistaðar á vef Vinnumálastofnunar.

Ýmsan fróðleik og tölfærði má finna á vef Vinnumálastofnunar
www.vinnumalastofnun.is

Endurmenntun atvinnubílstjóra

Á árinu fékk Símenntunarmiðstöðin útgefið starfsleyfi vegna endurmenntunar atvinnubílstjóra. Bílstjóri sem ekur stórra bifreið í ökuréttindaflokki D1 og D til farþegaflutninga í atvinnuskyni og í flokki C1 og C til vöruflutninga í atvinnuskyni skal sækja 5 námskeið, alls 35 kennslustundir, í endurmenntun á 5 ára fresti. Námið er viðurkennt af Samgöngustofu.

Haldin voru 29 námskeið á árinu 2018 og 12 námskeið voru haldin hjá Visku í Vestmannaeyjum með leyfi Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands.

Rauði kross Íslands, Borgarfjarðardeild

Símenntunarmiðstöðin hefur verið í farsælu samstarf við Rauða kross Íslands, Borgarfjarðardeild. Haldin hafa verið átta skyndihjálparnámskeið. Enskunámskeið var haldið, fyrir sjálfboðaliða Rauða krossins, á vegum Símenntunarmiðstöðvarinnar sem tókst mjög vel. Verkefninu „Talþjálfun fyrir innflytjendur“ var komið á laggirnar í lok ársins en markmiðið með því er að fólk af erlendum uppruna geti æft sig í að tala íslensku við íslenska sjálfboðaliða. Þema fyrsta fundar var „íslensku jólin“ og tóku þátt um 10 manns, bæði sjálfboðaliðar og innflytjendur. Þetta er jafnframt leið til að kynna Símenntunarmiðstöðina fyrir markhópnum, bæði íslenskum sem erlendum.



Úr starfsemi Símenntunarmiðstöðvarinnar.



Erlend verkefni

Símenntunarmiðstöðin tók þátt í fjórum erlendum verkefnum á árinu 2018. Annars vegar í þremur verkefnum sem eiga það sameiginlegt að tengjast málefnum innflytjenda: Erasmus+ verkefninu Advancing Migrant Women (AMW) og Nordplus verkefnunum Överbrygga språkbarrier og Active citizenship.

Hins vegar leiðir Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi verkefnið FEENICS -Furthering Youth Empowerment Through Enhancing Intrapreneurial Commitment and Skills, þ.e. skapandi hæfni og virkni sem valdefling fyrir ungt fólk

Advancing Migrant Women (AMW)

Verkefnið er unnið í samstarfi við Háskólann á Bifröst og fræðsluaðila í Englandi, Grikklandi og á Ítalíu. Verkefnið, sem er til þriggja ára, hófst í september 2017 og lýkur í febrúar 2020. Markmiðið er að þróa hágæða efni til að þjálfar og styðja við konur af erlendum uppruna til þess að þær valdeflist, styrki starfsgetu sína og frumkvöðlahæfni með heildstæðri áætlun sem byggir á þjálfun og kennslu sem eykur sjálfstraust og getu. Í lokin á að vera til afurð sem eflir konur af erlendum uppruna til þess að geta fullkomlega nýtt hæfileika sína og styrkleika. Vefsíða verkefnis er á slóðinni <https://www.bifrost.is/english/research/advancing-migrant-women/>

Överbrygga språkbarrier

Þetta var verkefni til eins árs sem hófst haustið 2017 og lauk ári síðar. Samstarfsaðilar voru frá Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Álandseyjum. Markmiðið var að finna aðferðir og leiðir til þess að auðvelda nemendum af erlendum uppruna að nema á nýju tungumáli.

Unnið var með stafræn verkfæri í námi og kennslu og höfðu þátttakendur aðgang að sameiginlegri vefsíðu þar sem hvert land hafði gagnvirkt svæði fyrir æfingar og verkefni. Einnig var í verkefninu miðlað þekkingu og reynslu á milli landa í tungumálakennslu og gefin góð dæmi. Að verkefninu loknu var ákveðið hér að vinna nánar með forritið h5p og í samvinnu við tæknimann Símenntunar var settur upp vefur þar sem stefnan er að setja inn verkefni tengd íslenskunámi, auk þess að skoða möguleika á fjarnámi í íslenskukennslu.

Active citizenship

Þetta er tveggja ára verkefni og hófst undirbúningur þess í lok árs 2017.

Samstarfsaðilar eru frá Finnlandi, Noregi og Litháen. Í verkefninu er leitast við að finna og þróa nýjar aðferðir við kennslu fullorðinna í virkri borgaravitund, auk þess að bæta við námsefni sem nú þegar er til. Hjá Símenntunarmiðstöðinni er lögð áhersla á innflytjendur í þessu verkefni og hefur grunnvinna farið fram með rannsóknum á borgaravitund innflytjenda. Miðað er við að verkefninu ljúki á árinu 2019. Vefsíða verkefnisins er á slóðinni <https://www.alternativeactivecitizenship.net/>

FEENICS

Símenntunarmiðstöðin á Vesturlandi leiðir verkefnið FEENICS (Furthering Youth Empowerment through Enhancing Intrapreneurial commitment and skills) sem við köllum á íslensku skapandi hæfni og virkni sem valdefling fyrir ungt fólk. Verkefnið tekur tvö ár og samstarfsaðilar eru frá Búlgaríu, Eistlandi, Grikklandi, Króatíu og Portúgal.

Mikilvægt er að styðja við ungt fólk á leið inn á vinnumarkaðinn, sérstaklega á þetta við um einstaklinga sem ekki njóta sömu tækifæra og aðrir af ýmsum ástæðum.

Nýsköpun innan fyrirtækja og skipulagsheilda á rætur í þeim einstaklingum sem búa yfir skapandi hæfni, þora að taka frumkvæði og eru virkir í sínum störfum. Hæfni einstaklinga til að skapa og vera virkir þátttakendur á vinnustað er því mikils virði fyrir atvinnulífið en ekki síst fyrir einstaklingana sjálfa því slík hæfni felur í sér ákveðna sjálfsefningu sem hægt er að nýta hvort sem er í daglegu lífi eða starfi.

FEENICS verkefnið hefur það að markmiði að efla ungt fólk á aldrinum 20 – 29 ára með því að bjóða upp á þjálfun sem eflir skapandi hæfni og virkni einstaklinga og getur undirbúið þá fyrir atvinnulífið, hvort sem þeir hafa starfsreynslu eða ekki.

Í verkefninu er lögð áhersla á að greina hvers konar hæfnipætti væri gott að vinna með í þjálfuninni, bæði út frá einstaklingunum sjálfum og atvinnulífinu. Einnig að þróa námsefni sem hægt er að nota í þjálfuninni og setja saman hóp af ungu fólki sem fær tækifæri til að prufa námsefnið og annað stuðningsefni. Einnig verður veflægt samstarfs- og stuðningsnet sett á laggirnar þar sem leiðbeinendur ungmennta geta sótt sér og deilt efni og þekkingu.

Fræðslustjóri að láni

Verkefnið byggist á að lána mannauðsráðgjafa til fyrirtækja, sem er sérhæfður í vinnustaðafræðslu og óformlegri menntun.


Ráðgjafinn fer yfir fræðslu- og þjálfunarmál fyrirtækisins, dregur fram það sem vel er gert, gerir eða dýpkar greiningu á þörfum fyrirtækisins og samhæfir við önnur námskeið eða viðurkenndar fræðsluleiðir innan óformlega fræðslukerfisins.

Verkefnið byggist m.a. á því að kerfisbundið er unnið að starfsmannapróun í fyrirtækjum og stofnunum og tekist á við þau verkefni fyrirtækja sem fela í sér skipulagningu menntunar, þjálfunar og annað sem tengist uppbyggingu starfsmanna.

Starfsmannapróun er eitt mikilvægasta verkfærið til að þróa og bæta fyrirtæki. Til að mögulegt sé að mæta þörfum starfsmanna er nauðsynlegt að vinna góða þarfagreiningu. Í verkefninu Fræðslustjóri að láni er megin áhersla lögð á að stjórnendur og aðrir starfsmenn vinni saman að þeirri uppbyggingu sem þörf er á. Boðið er upp á einföld tæki sem fyrirtækin geta notað og sniðið að eigin þörfum og gengið úr skugga um að starfsmannastefna fyrirtækisins sé í takt við aðra þróun í fyrirtækinu.

Með þessum hætti fæst yfirlit um mannauð fyrirtækisins og hvernig hægt er að þróa hann áfram. Fyrirtækið þarf ekki að eyða tíma í að þróa sitt eigið kerfi heldur getur notað krafta sína í önnur verkefni.

Á árinu 2018 tók starfsfólk Símenntunarmiðstöðvarinnar þátt í verkefni með dvalarheimilinu í Stykkishólmi.



Úr starfsemi Símenntunarmiðstöðvarinnar.

YFIRLIT YFIR FJARPRÓF

Fjarnemar nýta sér í auknum mæli þjónustu símenntunarmiðstöðvanna um allt land til að taka próf í heimabyggð. Sóknin í þessa þjónustu á Vesturlandi hefur aukist síðustu ár og kunna fjarnemar vel að meta hana.

Símenntunarmiðstöðin hefur gert þjónustusamning við mennta- og menningarmála-ráðuneytið og er þessi þjónusta veitt í tengslum við þann samning.


Nemendur sem nýta sér þjónustuna koma einkum frá háskólunum á Íslandi, en einnig eru nemendur frá Keili, Endurmenntun HÍ, Opna háskólanum o.fl.

Nemendurnir taka próf í húsnæði Símenntunar á Akranesi, í Borgarnesi, Átthagastofu Snæfellsbæjar, Fjölbautaskóla Snæfellinga í Grundarfirði, Grunnskólanum í Stykkishólmi og Ráðhúsi Dalabyggðar.

Fjöldi próffyrirlagna á hverjum prófstað:

	2015	2016	2017	2018
Akranes	349	320	427	406
Borgarnes	177	205	215	197
Búðardalur	13	10	20	8
Grundarfjörður	47	38	66	40
Snæfellsbær	48	64	40	85
Stykkishólmur	61	77	81	50
Samtals	695	714	849	786

Fjöldi próffyrirlagna eftir skólum:



ASTA JAKIENE

Í nám í gæðastjórnun í framhaldi af raunfærnimati


Asta Jakiene flutti til Grundarfjarðar frá Litháen árið 2006. Þar býr hún enn með fjölskyldu sinni. Eiginmaður hennar, sem einnig er frá Litháen, er sjómaður og dætur þeirra eru í skóla, sú eldri á fyrsta ári í Framhaldsskóla Snæfellinga og sú yngri í fyrsta bekk grunnskóla.

Um tíma hafði fjölskyldan í hyggju að flytja aftur til Litháen og seldi því húsnæði sitt í Grundarfirði. Þær fyrirtælanir breyttust og núna leigir fjölskyldan íbúð og er að horfa í kringum sig með kaup á húsnæði. Asta segir að fjölskyldan sjái framtíð sína hér á landi. Raunar hafi þau komið hingað til lands til þess að safna peningum fyrir útborgun í húsi í Litháen. Með mikilli vinnu tókst þeim það en ákváðu að vera um kyrrt. Eiga engu að síður tvær íbúðir í Litháen sem þau leigja þar út.

Fyrstu sjö árin sem Asta bjó í Grundarfirði starfaði hún við ýmis fiskvinnslustörf hjá Guðmundi Runólfssyni hf. Hún vann síðan um tíma á hóteli en hefur síðustu árin starfað hjá fiskvinnslufyrirtækinu Soffaníasi Cecilssyni hf. í Grundarfirði.

Allt frá því að Asta kom til landsins hefur hún leitast við að læra íslensku, hún hefur bæði sótt námskeið og aflað sér sjálf þekkingar í málinu. Hún hefur ágætt vald á töluðu máli og segist einnig skilja íslenskuna ágætlega en hana skorti meiri færni í ritmálinu og í því skyni segist hún vilja læra meira í íslenskri málfræði. „Það er óneitanlega svolítið erfitt að læra íslensku þegar maður starfar hér í fiskvinnslu vegna þess að svo margir starfsmenn fiskvinnslufyrirtækja eru útlendingar sem tala saman á sínum tungumálum,“ segir Asta. „Mig vantar meiri æfingu í því að tala íslenskuna og ég reyni líka að þjálfra mig í því að lesa hana,“ segir hún.

Fljótlega eftir að Asta hóf hærstörf tók hún lyftaþróf og sat viktarnámskeið. Hún fór síðan í raunfærnimat í fisktækni á vegum Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands. Asta segir raunfærnimatið hafa verið lærdómsríkt ferli og mikilvægt fyrir sig að fá ákveðna staðfestingu á þeirri reynslu sinni og þekkingu sem hún hafi aflað sér í þau ár sem hún hafi starfað í fiskvinnslu. Raunfærnimatið efldi áhuga Astu á



frekara námi og úr varð að hún innritaðist til náms í Fisktækniskóla Íslands í Grindavík. Þar hóf hún gæðastjórnunarnám í ársbyrjun 2018 og lauk því með brautskráningu í desember sl. Námið var byggt upp sem fjarnám og einnig voru nokkrar staðarlotur. Asta segir að vissulega hafi verið mikið átak fyrir sig og fjölskylduna að púsla hlutunum saman þannig að hún gæti stundað námið en það hafi svo sannarlega verið þess virði, gæðastjórnunin nýtist afar vel, jafnt í fiskvinnslu sem annarri matvælaframleiðslu. „Gæðastjórnunarnámið var mjög skemmtilegt og gefandi og núna hef ég hug á að læra meira í íslensku og halda síðan áfram námi. Ég hef ekki gert upp við mig í hvað ég myndi fara en vonandi get ég farið aftur í nám eftir kannski tvö ár,“ segir Asta Jakiene.

HITT OG ÞETTA

Kvasir, samtök fræðslu- og símenntunarmiðstöðva

Kvasir er sameiginlegur vettvangur og hagsmunasamtök ellefu símenntunarmiðstöðva á landinu. Miðstöðvarnar skiptast á að eiga fulltrúa í stjórn til tveggja ára í senn. Á vegum samtakanna eru haldnir tveir fundir á ári, á haustin og vorin, auk félagsfunda eftir þörfum.

Stjórn Kvasis skipa eftirfarandi 2017 – 2018:

Guðjónína Sæmundsdóttir formaður, Miðstöð símenntunar á Suðurnesjum
Bryndís Práinsdóttir, Farskólinn á Norðurlandi vestra
Vigdís Ásmundsdóttir, Framvegis

Starfsfólk símenntunarmiðstöðvanna hittist á sameiginlegum vinnufundi á vorin og var Símenntunarmiðstöð Vesturlands gestgjafi sl. vor. Fundurinn var haldinn í Stykkishólmi og mættu um fjörutíu manns. Það fór vel um hópinn í Hólminum og í lok fyrri vinnudags rölti hann um bæinn undir góðri leiðsögn Mæsu og Theó hjá Stykkishólmur Slowly. Setja inn myndir frá fundinum.

Nánari upplýsingar um Kvasi er að finna á www.fraedslumidstodvar.is





Kvasis-félagar í heimsókn í Stykkishólmi.

Leikn

Guðrún Vala Elísdóttir, náms- og starfsráðgjafi, hefur sinnt formennsku Leiknar frá árinu 2017. Leikn er samtök fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi og er tilgangur samtakanna er að efla fræðslu fullorðinna á Íslandi. Samtökin vilja stuðla að virkri umræðu um sí- og endurmenntun, auka upplýsingamiðlun og samskipti og samstarf milli fullorðinsfræðsluaðila og stjórnvalda annars vegar og efla erlend samskipti á sviði fullorðinsfræðslu hins vegar. Einnig að vera í forystu fyrir þróun fullorðinsfræðslunnar á Íslandi og sameiginlegur vettvangur aðila í fullorðinsfræðslu á Íslandi og málsvári þeirra gagnvart stjórnvöldum. Ennfremur að vera tengiliður erlendra samskipta á Íslandi á sviði fullorðinsfræðslu, byggja upp vettvang fyrir skoðanaskipti um fullorðinsfræðslu og sameina krafta fullorðinsfræðsluaðila á Íslandi og styrkja þannig markvisst samstarf þeirra. Upplýsingar um Leikn eru á vefsíðunni www.leikn.is og fb síðunni <https://www.facebook.com/Fullordnir/>

Fyrir hönd Leiknar hefur Guðrún Vala setið í samráðshópum vegna tveggja Evrópuverkefna, GOAL (Guidance and Orientation for Adult Learners) og tekið auk þess þátt í norrænu samstarfi EAEA (European Association for the Education of Adults).

GOAL er þróunar- og stefnumótunarverkefni sem Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, Mímir og MSS tóku þátt í en auk Íslands voru þátttakendur frá Hollandi, Tékklandi, Slóveníu, Litháen, Tyrklandi og Belgíu sem jafnframt var í forystu. Áherslan var á að finna og þróa aðferðir sem nýtast til þess að ná til þeirra sem síst leita eftir ráðgjöf og hvernig best sé að sinna þeim. Meðfram verkefninu var rannsakað hvernig til tækist og sá Menntavísindastofnun HÍ um rannsóknina hér á landi. Helstu niðurstöður sýna fram á að mikilvægt er að koma á svæðisbundnu samstarfi hagsmunaaðila sem miðar að því að veita markhópnum markvissari þjónustu í gegnum aukið samstarf aðila. GOAL verkefninu lauk formlega í janúar 2018 og er niðurstöður og afurðir heildarverkefnisins að finna á tveimur vefsíðum: <https://adultguidance.eu/> og <http://www.projectgoal.eu/>. Áfram heldur þróunarvinna með niðurstöður verkefnis en samráðshópur hagsmunaaðila ber ábyrgð á áframhaldandi stefnumótun sem felst í því að festa lærdóm úr verkefninu í sessi, markhópnum til framdráttar. Sett hefur verið fram áætlun um eflingu þjónustu við fullorðna sem sækja síður í nám og verður henni fylgt úr hlaði. Mennta- og menningarmálaráðuneytið mun stofna bakhóp hagsmunaaðila sem fylgir eftir þeirri áætlun og koma á tengingum við tengslanet eða vinnuhópa sem vinna að málefnum markhópsins.

VISKA er tilrauna- og rannsóknarverkefni sem beinir sjónum að því forgangsatriði í stefnu Evrópusambandsins að efla starfshæfni innflytjenda með því að meta færni þeirra og auka þar með möguleika á því að fá störf við hæfi og hlúa að félagslegri aðlögun. Miðað er að því að þróa og efla tengslanet hagsmunaaðila og þróa verkfæri sem gera færni innflytjenda sýnilegri með raunfærnimati. Verið er að prófa raunfærnimatsmódelið á móti mörgum ólíkum viðmiðum; mat á móti námskrá, mat á móti hæfniviðmiðum starfa og mat á yfirfæranlegri færni (e. transversal skills). Tilraunakeysla raunfærnimatsins er framkvæmd af IÐUNNI fræðslusetri og er í upphafi unnið með húsasmíði og málaraíðn. Lærdómur af verkefninu hingað til er nú þegar orðinn töluverður, en allt ferlið er miklu snúnara en í hefðbundnu raunfærnimatsferli (fyrir Íslendinga). Reynst hefur erfitt að ná í þátttakendur og markaðssetning er mun viðameiri en búist var við. Túlkar og þýðendur eru mjög umsetnir auk þess sem almenn samskipti við þátttakendur eru mun flóknari, t.d. vegna tungumálaerfiðleika o.fl. Niðurstöður koma til með að veita upplýsingar fyrir stefnumótun landanna í málaflökkunum. Tryggja þarf að allir sem vilja hafi jafnan aðgang að raunfærnimati. Verkefnið er til þriggja ára og lýkur í byrjun árs 2020. Vefsíða verkefnis er <http://viskaproject.eu/>

European Association for the Education of Adults

EAEA er áhrifavaldur á stefnu Evrópusambandsins um óformlega fullorðinsfræðslu og símenntun og vinnur með stofnunum Evrópusambandsins, samtökum borgaralegra félagasamtaka innan Evrópusambandsins, öðrum alþjóðlegum og evrópskum hagsmunaaðilum og hér innanlands. Starfsmenn samtakanna funda með stefnumótandi aðilum og hagsmunaaðilum, setja fram yfirlýsingar og bregðast við könnunum, en þetta eru þeirra aðal leiðir til þess að hafa áhrif á stefnumótandi aðila. Yfirlýsing (e. Manifesto) EAEA um fullorðinsfræðslu á 21. öldinni gefur yfirlit yfir þá málaflokka sem verið er að vinna að og gildin sem samtökin telja mikilvæg. EAEA skipuleggur einnig viðburði með og fyrir

stofnanir ESB fyrir hönd almennra borgara á sviði fullorðinsfræðslu og kemur sjónarmiðum á framfæri á ráðstefnum og í vinnuhópum. EAEA er nú aðili að ET202 vinnuhópunum um fullorðinsfræðslu og menntun. Heimasíða EAEA er á slóðinni <https://eaea.org/>

Leikn er í samstarfi við EPALE (Electronic Platform for Adult Learning in Europe) á Íslandi og tók fulltrúi Leiknar þátt í stefnumótandi ráðstefnu í Búdapest í október. Yfirskrift ráðstefnunnar var „Fostering an inspiring adult learning community“ og var markmiðið að fá fram skoðanir þátttakenda á hvernig evrópska áætlunin í fullorðinsfræðslu og EU verkefni á sviði fullorðinsfræðslu ættu að þróast eftir 2020, hlusta eftir skoðunum hagsmunadaila um hvernig þeir vilja sjá EPALE þróast áfram, og bjóða þáttakendum upp á fleiri leiðir til að vera virkari og kynna EPALE. Vefsíða EPALE er <https://ec.europa.eu/epale/en> og þar má lesa greinar og fræðsluefni um fullorðinsfræðslu í Evrópu þ.m.t. á Íslandi.

Starfsendurhæfing Vesturlands

Hlutverk Starfsendurhæfingar Vesturlands er að veita einstaklingum starfsendurhæfingu sem hafa verið utan vinnumarkaðar vegna veikinda, slysa eða annarra aðstæðna og þurfa stuðning við endurkomu á vinnumarkaðinn. Fjármögnun StarfVest er eingöngu í gegnum samstarfssamning við VIRK starfsendurhæfingarsjóð.

Símenntunarmiðstöðin er stofnaðili að Starfsendurhæfingu Vesturlands og á fulltrúa í stjórn. Aðrir stofnaðilar eru Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi, Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Vinnumálastofnun á Vesturlandi, Verkalýðsfélag Akraness og Stéttarfélag Vesturlands.

StarfVest var formlega stofnuð 11. desember 2014. Aðsetur starfseminnar er á Suðurgötu 57 á Akranesi.

Nánari upplýsingar um Starfsendurhæfingu Vesturlands má finna hér:
www.starfvest.is

VILTU FRÆÐAST MEIRA UM FRAMHALDSFRÆÐSLUNA?

Gáttin

Gátt er ársrit um fræðslumál fullorðinna þar sem lögð er m.a. áhersla á menntun á vinnumarkaði. Í ritinu er bæði fræðilegar greinar, kynning á rannsóknum og lausnum í fullorðinsfræðslu og símenntun, viðtöl og frásagnir um það sem er efst á baugi hverju sinni. Gáttin hefur verið gefin út síðan 2004 og má nálgast rafrænar útgáfur hér: <http://frae.is/utgafa/gatt-arsrit/>

Næsta skref

Á þessum upplýsingavef er hægt að nálgast upplýsingar um nám, störf, raunfærnimat og ráðgjöf. Sjá vef: <https://naestaskref.is/>

Menntamálastofnun

Á vef Menntamálastofnunar má finna ýmsar upplýsingar um framhaldsfræðslu. Sjá vef: <https://mms.is/framhaldsfraedsla>

RUT RAGNARSDÓTTIR

Skemmtilegt að kenna útlendingum íslensku

„Ég hafði ekki áður kennt útlendingum íslensku og því var þetta ný en afskaplega skemmtileg reynsla fyrir mig,“ segir Rut Ragnarsdóttir sem kenndi íslensku á námskeiðinu Íslensk menning og samfélag sem Símenntunarmiðstöð Vesturlands hafði umsjón með fyrir erlenda starfsmenn Guðmundar Runólfssonar hf. í Grundarfirði síðla árs 2018.

„Á námskeiðinu voru ellefu pólskar konur. Grunnur þeirra í íslenskunni var misjafn enda hafa þær búið á Íslandi misjafnlega lengi. Ég hóf námskeiðið á að reyna að kynnast konunum vel og lagði síðan áherslu á að hafa kennsluna lifandi. Konurnar voru skemmtilegar og áhugasamar um að tala rétta íslensku. Mér fannst mest um vert að hafa andrúmsloftið í kennslustundunum afslappað og ég lagði áherslu á endurtekningar og einfaldar setningar. Mér fannst það gefast vel,“ segir Rut.

Rut er frá Hellissandi og er nú flutt á Snæfellsnesið á nýjan leik, með búsetu í Ólafsvík, eftir að hafa sótt sér menntun á höfuðborgarsvæðinu, Rut er mannfræðingur að mennt. Haustið 2016 sá hún um færninámskeið og var verkefnastjóri Landnemaskólans á Akranesi á vegum Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands. Á þessu ári hefur Rut verið með íslenskunámskeið fyrir fólk frá Póllandi og Eistlandi, sem er búsett í Ólafsvík, á vegum Vinnumálastofnunar.



„Reynsla mín af þessum íslenskunámskeiðum segja mér hversu mikilvægt það er fyrir útlendinga sem dvelja hér að fara á íslenskunámskeið eins fljótt og mögulegt er, ekki síst tel ég það mikilvægt fyrir fólk með börn. Það getur háð fólki verulega í daglegu lífi að vera ekki fært um að tjá sig neitt á íslensku,“ segir Rut Ragnarsdóttir

AÐ LOKUM

Starfssvæði Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands er víðfeðmt og atvinnulífið fjölbreytt, frumvinnslugreinarnar landbúnaður og sjávarútvegur eiga sér langa sögu og það sama má segja um iðnaðinn og ferðaþjónustan sækir í sig veðrið.

Á Vesturlandi starfa tveir háskólar og þrír framhaldsskólar. Til hliðar við þessa fimm skóla er hlutverk Símenntunarmiðstöðvarinnar skýr, okkar er að sinna framhaldsfræðslu, sem felur m.a. í sér þjónustu við fólk sem ekki hefur lokið formlegri framhaldskólamenntun. Þetta gerum við m.a. með því að bjóða upp á námskeið af ýmsum toga, náms- og starfsráðgjöf og raunfærnimat.



Símenntun fólks brýtur múra og flytur fjöll, það vitum við vel sem vinnum að þessum málum frá degi til dags. Það er sannast sagna ótrúlega algengt að fólk sem loks lætur verða af því að skrá sig á einstök námskeið eða í einhverjar formlegar námsleiðir segi sem svo að það skilji ekkert í því að hafa ekki tekið skrefið fyrir lifandi löngu. En það er með nám eins og ýmislegt annað, það erfiðasta er að fara af stað og komast yfir þröskuldinn. Síðan verður ekki aftur snúið. Oft höfum við upplifað að fyrsta námskeiðið kveiki neistann til þess að halda áfram.

Hver og einn fer í nám á sínum forsendum. Fyrir marga er það ákveðin lífsfylling að sækja sér aukna þekkingu, að njóta samfélags við aðra á námskeiði eða námsbraut. Aukin þekking skilar oft en ekki ánægðari starfsmanni og eykur hæfni á vinnumarkaði. Slíkur ávinningur skiptir verulegu máli.

Sem endranær komum við víða við á árinu 2018. Við höfum sem fyrr verið með fjölbreytt námskeið fyrir einstaklinga en jafnframt í auknum mæli sinnt símenntun fyrir fyrirtæki og stofnanir.

Fjöldmörg endurmenntunarnámskeið fyrir atvinnubílstjóra voru haldin á árinu á grunni samnings Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands við Samgöngustofu. Þeir sem þurfa að sækja slíka endurmenntun eru ökumenn sem stjórna ökutækjum í C1-, C-, D1- og D-flokki til farþega- og vöruflutninga í atvinnuskyni og skulu þeir sækja 35 kennslustunda endurmenntun á 5 ára fresti, fimm sjö klukkustunda námskeið. Fyrir okkur var hér að nokkru leyti fetuð ný slóð í námskeiðahaldi en almennt gengu námskeiðin vel og mikilvæg reynsla hefur safnast í sarpinn fyrir framhaldið.

Við höfum og munum áfram leggja mikla áherslu á að bjóða upp á hin ýmsu námskeið í samstarfi við stéttarfélagin sem greiða hluta af námskeiðsgjöldum. Þetta samstarf er mikilvægur hvati fyrir fólk að nýta sér það sem er í boði.

Vert er að nefna að undir lok árs 2018 áttum við í farsælu samstarfi við Guðmund Runólfs-son hf. - GRun í Grundarfirði um nám fyrir starfsfólk fyrirtækisins á meðan unnið var að því að standsetja hið nýja fiskiðjuver fyrirtækisins. Sett var upp námsleiðin Íslensk menning og samfélag sem fólst í íslenskukennslu og ýmsum fróðleik um íslenskt samfélag. Almennt tókst vel til og er full ástæða til þess að þakka GRun sérstaklega fyrir gott samstarf um þetta verkefni.

Í þessu sambandi er ástæða til þess að ítreka mikilvægi þess að stjórnvöld móti stefnu í málefnum innflytjenda. Þeim fjölga hratt og því er nauðsynlegt að leggja enn meiri áherslu á íslenskukennslu og fræðslu um íslenskt samfélag og stuðla þannig að aukinni þátttöku innflytjenda í samfélaginu. Góð reynsla af verkefninu Íslensk menning og samfélag í Grundarfirði undirstrikar hversu bráðnauðsynlegt er að gera ennþá betur í þessum efnum. Því verður ekki á móti mælt að við finnum fyrir mikilli þörf fyrir fleiri námskeið og lengra nám fyrir fólk með fötlun. Því miður er það svo að takmarkaðir fjármunir hafa verið erfiður þröskuldur í þessu sambandi, okkur hefur ekki verið unnt að mæta þessari þörf sem skyldi vegna fjárskorts. Það þarf einfaldlega aukið fjármagn frá ríkinu til þess að mæta þörf fyrir fræðslu fyrir fatlað fólk. Einnig höfum við hjá Símenntunarmiðstöð Vesturlands kallað eftir að þeim fjármunum sem ætlaðir eru til þessarar fræðslu sé deilt með sanngjarnari hætti. Í þessu sambandi vil ég undirstrika þá skoðun mína að það er orðið afar brýnt að ríkið deili fjármunum til símenntunarmiðstöðvanna eftir ákveðinni reiknireglu þar sem m.a. er tekið tillit til stærðar svæðisins, fjölda íbúa, menntunarstigs, fjölda starfsstöðva á viðkomandi svæði o.fl.

Á degi hverjum tókumst við á við ný og skapandi verkefni til hagsbóta fyrir fólkið á okkar starfssvæði. Tímaglasið tæmist aldrei í þessum efnum, enda á menntun sér engin takmörk. Öllum stofnunum og fyrirtækjum sem við höfum átt gott samstarf við á árinu 2018 færi ég bestu þakkir. Sérstakar þakkir til starfsfólks og stjórnar og allra þeirra fjölmörgu sem hafa lagt hönd á plóg fyrir Símenntunarmiðstöð Vesturlands á árinu.

Inga Dóra Halldórsdóttir
framkvæmdastjóri



SÍMENNTUNARMIÐSTÖÐIN Á VESTURLANDI

ÁRSSKÝRSLA SÍMENNTUNARMIÐSTÖÐVARINNAR Á VESTURLANDI 2018

Uppsetning ársskýrslu: Óli Arnar
mars 2019

www.simenntun.is